

**Jón Kristjánsson**  
**heilbrigðis-og tryggingamálaráðherra**  
**Ávarp í tilefni uppbyggingar Heilbrigðisstofnunar á Selfossi**  
**11. nóvember 2004**

Ágætu gestir.

Það er einkar ánægjulegt fyrir mig sem heilbrigðismálaráðherra að vera með ykkur hér í dag í tilefni þess að nú eru hafnar framkvæmdir við uppbyggingu viðbyggingar við Heilbrigðisstofnun Suðurlands hér á Selfossi.

Það skal viðurkennt að það hefur verið svolítið streð að koma framkvæmdum af stað, en þá sögu leggjum við til hliðar og horfum bjartsýn til framtíðarinnar.

Fyrir fimm árum lá fyrir hvers konar bygging þyrfti að rísa hér og hvaða starfsemi þyrfti að vera í húsinu til að uppfylla mætti þarfir íbúanna á svæðinu.

Það var orðið brýnt að leysa Ljósheima af hólmi og það verður nú gert með 26 rýma hjúkrunardeild sem verður á annarri hæð nýju byggingarinnar, það er brýnt að búa vel að heilsugæslunni sem verður á fyrstu hæðinni og skapa sjúkra-og iðjuþjálfun ný skilyrði, en sú starfsemi verður í kjallara nýja hússins. 4000 fermetrar bætast nú við húsakost Heilbrigðisstofnunarinnar og breytir þessi mikla viðbót gríðarlega miklu fyrir þá sem hingað leita eftir að húsið verður tekið í notkun í ársbyrjun 2007 og eins fyrir starfsmennina sem hér vinna.

Kostnaðurinn við þennan áfanga verksins sem nú hefur verið hafist handa við er rétt innan við 600 milljónir króna, en áætlaður heildarkostnaður losar að öllum líkindum 800 milljónir og er þá meðtalin hönnunarkostnaður, eftirlit og annar kostnaður sem til fellur við svona stórt verk.

Góðir gestir.

Þann fyrsta september gaf ég út reglugerð um sameiningu heilbrigðisstofnana á Suðurlandi. Þetta er gert til að styrkja grundvöll heilbrigðisþjónustunnar á svæðinu til lengri tíma litið. Og þegar ég tala um að styrkja grundvöll þjónustunnar þá á ég við það að skapa ytri skilyrði til að veita íbúum svæðisins betri og fjölbreyttari þjónustu.

Þjónustusvæði Heilbrigðisstofnunarinnar tekur til um 17 þúsund manns, um er að ræða 8 heilsugæslustöðvar, eitt sjúkrahús á Selfossi með 55 sjúkrarúm og réttargeðdeild á Sogni í Ölfusi með 7 rými og heilbrigðisþjónustu við fangelsið á Litla Hrauni. Alls starfa um 200 manns við heilbrigðisþjónustu á vegum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og það er trú mín að við höfum lagt grunn að góðri stofnun með breytingunni.

Það fór vel á því að Hafsteinn Þorvaldsson, sá mikli heiðursmaður, skyldi taka fyrstu skóflustunguna – hann er bæði hófstílltur kappsmaður og keppnismaður góður, en nú vil ég biðja menn að taka sér penna í hönd, koma hér að undirskriftarborðinu og staðfesta fyrsta áfanga glæsilegrar framtíðar stofnunarinnar með því að setja nöfn sín á blað.

Þakka ykkur fyrir.

(Talað orð gildir)

